

NORRÆN SAMSTARFSÁÆTLUN UM MENNTAMÁL OG RANNSÓKNIR 2019–2023



**NORRÆN SAMSTARFSÁÆTLUN
UM MENNTAMÁL OG RANNSÓKNIR
2019–2023**

PolitikNord 2019:740

ISBN 978-92-893-6299-3 (PDF)

ISBN 978-92-893-6300-6 (EPUB)

<http://dx.doi.org/10.6027/PN2019-740>

© Norræna ráðherranefndin 2019

Umbrot: Louise Jeppesen

Kápumynd: Ritzau Scanpix

Norrænt samstarf

Norræna samstarfið er eitt umfangsmesta svæðissamstarf í heimi. Að samstarfinu koma Danmörk, Finnland, Ísland, Noregur og Svíþjóð auk Álandseyja, Færeyja og Grænlands.

Norræna samstarfið er pólitískt, efnahagslegt og menningarlegt og lætur muna um sig í evrópsku og alþjóðlegu samstarfi. Löndin stuðla sameiginlega að öflugum Norðurlöndum í öflugri Evrópu.

Með norrænu samstarfi er hagsmuna svæðisins gætt og norræn gildi efld í hnattrænu samhengi. Sameiginleg gildi landanna styrkja stöðu Norðurlanda og skipa þeim meðal þeirra svæða í heiminum þar sem nýsköpun og samkeppnishæfni er mest.

Norræna ráðherranefndin

Nordens Hus

Ved Stranden 18

DK-1061 Kaupmannahöfn

www.norden.org

Hlaða niður og panta norræn rit: www.norden.org/nordpub.

NORRÆN SAMSTARFSÁÆTLUN UM MENNTAMÁL OG RANNSÓKNIR 2019–2023

EFNISYFIRLIT

FORMÁLI	5
INNGANGUR	6
STEFNUMARKANDI ÁHERSLUR	9
Menntamál	10
Rannsóknir	12
Tungumál	14
VIÐAUKI	17
Framkvæmd samstarfsáætlunarinnar	17
Meðferð mála sem varða ESB og önnur alþjóðleg mál og þemu	23
Mat á samstarfsáætluninni	25



Mynd: Kim Nielsen/Ritzau Scanpix



Mynd: Ritzau Scanpix



Mynd: norden.org/Eiríkur Björnsson

FORMÁLI

Samstarfsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar um menntamál og rannsóknir (MR-U) markar stefnu í samstarfi ráðherra á sviði menntamála, rannsókna og tungumála frá nóvember 2019 til nóvember 2023. Áætlunin á að skerpa á áherslum og markmiðum samstarfsins, sem ráðast af pólitískum viðfangsefnum landanna, þar með talið Álandseyja, Færeyja og Grænlands. Í áætluninni er lýst þeim megináherslum sem ráðherrarnir setja í forgang en ekki er um að ræða tæmandi yfirlit yfir öll forgangsmál ráðherranefndarinnar.

Ráðherranefndin um menntamál og rannsóknir vann viðamikil stefnumótunarstarf á árunum 2017 og 2018. Nefndin lagði fram greinargerð um rannsóknastarf á þingi Norðurlandaráðs 2017. Sama ár var skipaður hópur háttsettra embættismanna sem samdi tillögur um menntamál fyrir sviðið. Einnig hefur framtíð tungumálasamstarfsins verið til umræðu. Á grundvelli þess starfs vann ráðherranefndin þá endurskoðuðu samstarfsáætlun sem hér liggur fyrir. Áætlunin var unnin í góðu samráði við Norðurlandaráð og hlutaðeigandi fagsvið Norrænu ráðherranefndarinnar. Sérstök ráðherranefnd um stafræna væðingu var sett á laggirnar fyrir tímabilið 2017–2022 og tók hún við upplýsingatæknimálunum. Þá var ný framtíðarsýn fyrir samstarf Norrænu ráðherranefndarinnar samþykkt á fundi forsætisráðherranna þann 20. ágúst 2019.

Norræna ráðherranefndin leggur metnað í að áætlunin nýtist öllum hlutaðeigandi aðilum sem vegvísir í samstarfinu um menntamál og rannsóknir til framtíðar.

Lilja Dögg Alfreðsdóttir

mennta- og menningarmálaráðherra

INNGANGUR

Löngum hefur samstarf Norrænu ráðherranefndarinnar grundvallast á samróma ákvörðunum. Norðurlöndin, einnig Álandseyjar, Færeyjar og Grænland, eru lýðræðisleg samfélög og er margt líkt með þeim. Meðal sameiginlegra gilda þeirra eru opin samskipti, traust og jafnrétti.

Norðurlöndin leggja áherslu á sjálfbæra þróun á öllum sviðum samfélagsins og frjálsa för þegar við á og unnt er. Norræna ráðherranefndin hefur í áranna rás verið formlegur samstarfsvettvangur stjórnvalda til að skapa samlegð og skiptast á þekkingu og lausnum á fjölmörgum sviðum í þágu borgara á Norðurlöndum.

Framtíðarsýn Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir 2030 er að Norðurlöndin eigi að verða sjálfbærasta og samþættasta svæði heims. Stefnumótandi áherslur samstarfsins eiga að vera græn, samkeppnishæf og félagslega sjálfbær Norðurlönd. Framtíðarsýnin er sett fram á tímum þegar velferðarsamfélög Norðurlandanna standa frammi fyrir áskorunum sem skapast af hnattvæðingu, efnahagsástandi, lýðfræðilegum breytingum ásamt loftslags- og orkumálum.

Framtíðarsýn í norrænu samstarfi um menntamál og rannsóknir er sú að Norðurlöndin eigi, hér eftir sem hingað til, að vera leiðandi á sviði þekkingar og velferðar.



Mynd: Globalgoals.org



Mynd: NordForsk/Terje Heiestad

Þetta kallar á þátttöku breiðs hóps, einnig á alþjóðlegum vettvangi. Samstarfsáætlunin felur í sér marghliða tengingar og tækifæri menntamála og rannsókna, til að mynda við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.

Markmið samstarfsáætlunarinnar er að veita menntun í góðu námsumhverfi þar sem öll börn og ungmenni, drengir jafnt sem stúlkur, geti dafnað andlega og líkamlega, þar sem áhrif félagslegs uppruna dvína og öllum gefst tækifæri til að læra og þroskast til æviloka.

Í samstarfinu er lögð áhersla á jafnrétti og fjölbreytileika (svo sem kyn, aldur, uppruna og kynhneigð) og tekið er tillit til fötlunarsjónarmiða þegar við á.

Samstarfið á jafnframt að stuðla að eflingu rannsókna og stefnumótunar á sviði rannsókna á Norðurlöndum, einnig á Álandseyjum, í Færeyjum og á Grænlandi.

Samstarfið byggist á vilja til öflugs samfélags menntunar og rannsókna á Norðurlöndum. Þjóðir Norðurlanda eru nánar, landfræðilega, sögulega og menningarlega. Menntakerfi landanna eru um margt lík og viðfangsefnin hin sömu. Löndin ná betri árgangi en ella þegar þau starfa saman og skiptast á þekkingu og reynslu, stofnunum jafnt og almenningi til gagns og ánægju.

Markhópar áætlunarinnar eru ráðherranefndin um menntamál og rannsóknir og allir sem vinna að markmiðum hennar.





Mynd: Jorden.org/Is Daggr



Mynd: Ritzau Scanpix



Mynd: Ritzau Scanpix

STEFNUMARKANDI ÁHERSLUR

Norræna ráðherranefndin um menntamál og rannsóknir hefur með sér samstarf á þremur áherslusviðum: menntamálum, rannsóknum og tungumálum. Samstarfið beinist að því að þróa áfram núverandi samstarfsvettvang og aðgerðir, jafnframt því að greina nýjar aðgerðir.

MENNTAMÁL

Menntun er grundvöllur samkeppnishæfra og félagslega sjálfbærra Norðurlanda, sem byggjast meðal annars á þekkingu, nýsköpun og hreyfanleika, ásamt áherslu á velferðarsamfélagi fyrir alla, sem byggt er á sameiginlegum gildum. Norrænt samstarf um menntamál nær til leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla, náms fullorðinna og alþýðufræðslu auk æðri menntunar. Samstarfið byggir á grunnhugmyndinni um nám alla ævi og styður við norrænar áherslur um færni til framtíðar, sem ætlað er að fjölga tækifærum barna, ungmenna og fullorðinna til að öðlast nýja þekkingu alla ævina.

Í norrænu samstarfi um menntamál og nám fullorðinna er áhersla lögð á að tryggja gæði á öllum sviðum menntunar, einnig í leikskólum.

Helstu viðfangsefni aðgerðanna eru:

1. Að auka grunnfærni og þekkingu drengja og stúlkna, kvenna og karla með því að:
 - a. efla þekkingu og greiningar á mikilvægum viðfangsefnum í menntamálum og námi fullorðinna;
 - b. stuðla að þróun menntunar á Norðurlöndum með aukinni áherslu á stjórnun, forystu og innleiðingu umbóta;
 - c. hvetja til þróunar og innleiðingar á nýjum kennslu- og námsaðferðum, til dæmis með því að huga betur að hugviti, nýsköpun og stafrænni þróun.
2. Hvetja til snemmbærra og þverfaglegra aðgerða í leikskólum og grunnskólum, einkum varðandi tungumál, aðlögun, þátttöku allra og eflingu lýðræðislegrar borgaravitundar.



Mynd: unsplash.com



Mynd: unsplash.com

3. Auðvelda flæði milli menntastiga og milli menntakerfis og vinnumarkaðar.
4. Fjölga tækifærum ungs fólks og fullorðinna til að ljúka námi.
5. Efla stöðu verkmenntunar og bæta námsumhverfi á vinnustöðum fyrir ungt fólk og fullorðna, þar á meðal hvetja ungmenni til að ljúka verknámi.
6. Vekja athygli á æðri menntun með því að styðja samstarf um gæðamál, til dæmis með því að skiptast á reynslu af þróun gæðamats á tilteknum sviðum.
7. Efla samstarf um menntun leikskólakennara og kennaramenntun almennt, kennarahlutverkið, endurmenntun og framhaldsmenntun kennara, á þann hátt að samstarfið nái yfir allt svið kennarastarfsins.
8. Próa Nordplus og Norrænu meistaranámsáætlunina með hliðsjón af áætlunum ESB um menntamál og rannsóknir svo að norrænu áætlanirnar mæti hreyfanleikapörfum námsmanna og menntastofnana innan Norðurlandanna, ásamt þörfinni fyrir samstarfsnet, þróunarverkefni og formlegt samstarf milli stofnana.
9. Efla samstarf um viðurkenningu á menntun og starfsréttindum, meðal annars á sviði æðri menntunar.
10. Samstarf um stafræna þróun í menntamálum, til dæmis með því að skiptast á góðri reynslu og þekkingu um kennslufræði, upplýsingum um námsleiðir ásamt því að hvetja til opnari og sveigjanlegri aðgangs að námi á Norðurlöndum.

RANNSÓKNIR

Þekking byggð á vísindalegum grunni er grundvöllur sjálfbærrar þróunar á öllum sviðum samfélagsins og stuðlar að grænum lausnum, samkeppnishæfni, hagvexti og félagslega sjálfbærum samfélögum. Öflugt norrænt rannsóknasamstarf eykur gæði og áhrif rannsókna. Samstarfið skapar einnig virðisauka fyrir rannsóknarstofnanir og löndin vegna þess að sparnaður næst í útgjöldum og fleiri tækifæri gefast á rannsóknastyrkjum úr áætlunum og verkefnum Evrópusambandsins.




Mynd: NordForsk/Terje Heiðstad

Rannsóknasamstarf Norrænu ráðherranefndarinnar nær auk samstarfs um rannsóknir einnig til fjármögnunar rannsókna og samstarfs um stefnumótun í vísindamálum. Samstarf um stefnumótun í vísindamálum fer aðallega fram með samtölum á vettvangi ráðherranefndarinnar og embættismannanefndarinnar.

Ráðherranefndin vill stuðla að því að Norðurlönd verði leiðandi þekkingarsvæði á heimsvísu með eftirfarandi áherslum:

1. Styðja við þverfaglegt rannsóknasamstarf innlendra og norrænna stofnana sem fjármagna vísindastarf.
2. Efla rannsóknasamstarf á mögulegum öndvegissviðum, þar á meðal stefnumarkandi sviðum þar sem samnorrænar aðgerðir geta byggt upp færni og menntun rannsakenda á heimsmælikvarða.
3. Efla samstarf um rannsóknainnviði og samnýtingu þeirra á Norðurlöndum.
4. Stuðla að auknum hreyfanleika, rannsóknanámi og samstarfsnetum um rannsóknir, meðal annars fyrir unga vísindamenn.
5. Stuðla að öflugri vísindastefnu í löndunum með því að miðla þekkingu og reynslu af vísindastefnumótun.

Öflugt norrænt rannsóknasamstarf getur einnig skapað nýja þekkingu á áherslusviðum ráðherranefndarinnar.



TUNGUMÁL

Á Norðurlöndum eru öll tungumál talin jafngild en þau gegna ekki öll sama hlutverki. Danska, finnska, íslenska, norska og sænska eru ríkismál. Þau eru ásamt færeysku, grænlenSKU og samískum tungumálum samfélagsbær á Norðurlöndum. Danska, norska og sænska eru náskyldar tungur sem skiljast innbyrðis og mynda málsamfélag Norðurlanda. Ýmis landsbundin minnihlutamál og táknmál á Norðurlöndum hafa sérstöðu. Rík tungumálaflóra Norðurlandanna samanstendur einnig af tungumálum sem ekki eru norræn að uppruna en hafa borist til Norðurlanda í aldanna rás.

Ráðherranefndin um menntamál og rannsóknir ber meginábyrgð á tungumálasamstarfinu en ráðherranefndin um menningarmál (MR-K) er samábyrg. Tungumálasamstarfinu er ætlað að vekja athygli á málefnum sem eru ofarlega á baugi í málstefnum landanna.

Löndin bera sjálf ábyrgð á því að fylgja eftir yfirlýsingunni um málstefnu Norðurlanda (2006). Hlutverk norræna tungumálasamstarfsins er að styðja aðgerðir í löndunum eftir því sem við á. Á árinu 2019 mun ráðherranefndin hefja undirbúning á hugsanlegri endurskoðun á tungumálafirlýsingunni. Markmið slíkrar endurskoðunar yrði að greina og skilgreina sameiginlega hagsmuni landanna á sviði tungumála.



Norrænt tungumálasamstarf felst í að þróa enn frekar þau sameiginlegu gildi sem er að finna í tungumála- og menningarsamfélagi Norðurlandanna og vekja athygli á tungumálum með eftirfarandi áherslum:

1. Að auka þekkingu og skilning á tungumálum Norðurlandanna (samfélagsbærum tungumálum, táknmálum og minnihlutatungumálum) og jafnframt á tengingu milli tungu og menningar, sjálfsmyndar og félagslegrar samheldni.
2. Fjalla um áskoranir af völdum breyttra samskiptaleiða og málnotkunar, einkum meðal barna og ungmenna.
3. Auka gagnkvæman tungumálaskilning barna og ungmenna á dönsku, norsku og sænsku, meðal annars með auknum skilningi á talmáli.
4. Auka þekkingu og miðla reynslu af málvísindalegum viðfangsefnum og málum sem eru ofarlega á baugi hverju sinni.
5. Styðja aðgerðir landanna til að fylgja eftir norrænu tungumálafirlýsingunni þar sem við á.





Mynd: unsplash.com



Mynd: unsplash.com



Mynd: NordForsk/Terje Heiestad

Framkvæmd samstarfsáætlunarinnar

Ráðherranefndin um menntamál og rannsóknir hefur löngum átt öflugt og uppbyggilegt samstarf um viðfangsefni og aðgerðir sem þjóna sameiginlegum hagsmunum landanna á sviði menntamála og rannsókna. Þeir þættir sem ráðherranefndin mun eiga samstarf um til lengri tíma litið eru:

Norrænar menntaáætlanir og norræn samstarfsnet

- Nordplus,
- Norræna meistaranámsáætlunin (NMP),
- Norræna tengslanetið um nám fullorðinna (NVL),
- Áætlun um tungumálanámskeið (PSK).

Norrænar stofnanir

- Norræna rannsóknaráðið (NordForsk).

Norrænar samstarfsstofnanir

- Norræna kjarneðlisfræðistofnunin (NORDITA),
- Norræna sjóréttarstofnunin (NifS),
- Norræna stofnunin um Asíurannsóknir (NIAS),
- Norræna eldfjallasetrið (NORDVULK),
- Norræna Samastofnunin (NSI).

Norrænir samningur og norrænar yfirlýsingar

- Samningur milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um rétt norrænna ríkisborgara til að nota eigin tungu í öðru norrænu landi (Tungumálasáttmálinn),
- Yfirlýsing um málstefnu Norðurlanda (Tungumálayfirlýsingin),
- Samningur milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um aðgang að æðri menntun,
- Norræn yfirlýsing um viðurkenningu á vitnisburði um æðri menntun (Reykjavíkuryfirlýsingin),

- Samningur milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um norrænt menntunarsamfélag á framhaldsskólastigi (Framhaldsskólasamningurinn).

Ráðherranefndin um menntamál og rannsóknir hyggst einnig vinna saman að sviðum og málefnum sem efst eru á baugi og óskir eru um að þróa enn frekar:

- Sérstakir vinnuhópar og verkefni,
- Vettvangur fyrir miðlun reynslu og þekkingar, nám og sameiginleg hugmyndaauðgi,
- Rannsóknir, greiningar, úttektir, mat o.fl., meðal annars byggð á gögnum og tölfræði,
- Samstarf og samráð við norræn félagasamtök og stofnanir um málefni á samstarfssviðum ráðherranefndarinnar.

UM SAMSTARFSÁÆTLANIR NORRÆNU RÁÐHERRANEFNDARINNAR

Samstarfsáætlanir eru stefnuskjöl í starfi ráðherranefndarinnar um menntamál og rannsóknir og ber að skoða þær með hliðsjón af öðrum stjórnækjum Norrænu ráðherranefndarinnar. Þeirra á meðal eru framtíðarsýn í norrænu ríkisstjórnasamstarfi, stefnumótandi áherslur Norrænu ráðherranefndarinnar, þverlægar áætlanir, samstarfsáætlanir annarra fagsviða og árlegar formennskuáætlanir landanna.

MEÐFERÐ ÞVERLÆGRA ÁÆTLANA OG ANNARRA STEFNUMIÐAÐRA TÆKJA

Mörg verkefni eru best leyst í samstarfi fleiri en einnar fagraráðherranefndar. Ráðherranefndin um menntamál og rannsóknir á samstarf við aðrar fagraráðherranefndir um nánari útfærslu á þverfaglegum aðgerðum, áætlunum og stefnuskjöllum. Sviðið leggur áherslu á að greiða fyrir hreyfanleika og vinnur að afnámi stjórnsýsluhindrana eftir því sem við á og þegar unnt er.

Samstarfið fer meðal annars fram innan ramma eftirtalinna áætlana:

- [Stefna um málefni barna og ungmenna](#)
- [Norræn samstarfsáætlun um jafnréttismál](#)
- [Áætlun um sjálfbæra þróun](#)

- [Stefna Norrænu ráðherranefndarinnar í menningarsamstarfi](#)
- [Samstarfsáætlun um norðurskautssvæðið](#)
- [Nordisk program for 2030-agendaen \(Norræn áætlun um heimsmarkmið SP\)](#)
- [Norræn-baltnesk ráðherraýfirlýsing um stafræna væðingu](#)
- [Framkvæmdaáætlun fyrir norrænt samstarf um málefni fatlaðs fólks](#)
- [Handlingsplan for mobilitet \(Framkvæmdaáætlun um hreyfanleika\)](#)
- [Vinna við aðlögun](#)
- [Samstarfsáætlun í vinnumálum](#)

Ráðherranefndin um menntamál og rannsóknir á samstarf við ýmsar svæðisbundnar og alþjóðlegar stofnanir um verkefni og sóknarfæri sem þjóna sameiginlegum hagsmunum samstarfsaðilanna.

Ráðherranefndin hefur gert samhljóða samninga við Eystrasaltsríkin þrjú, Eistland, Lettland og Litáen, um þátttöku þeirra í menntaáætluninni Nordplus. Samstarf Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna um Nordplus lýtur viðmiðum sem gilda um norrænt-baltneskt samstarf.

SKIPULAG SVIÐSINS

Skipurit Norrænu ráðherranefndarinnar um menntamál og rannsóknir er einfalt: Ráðherranefndin fundar einu sinni eða tvisvar á ári og ræðir pólitísk málefni. Stjórnarsýsluleg mál eru afgreidd í skriflegu eða þöglu ferli eftir því sem kostur er. Embættismannanefndin um menntamál og rannsóknir (EK-U) hefur umsjón með fjárhagsáætluninni. Embættismannanefndin fundar fjórum sinnum á ári. Engar fastanefndir eða ráðgjafarhópar eru starfandi en sérstakir vinnuhópar eru skipaðir þegar þörf krefur. Ein stofnun starfar á sviðinu: Norræna rannsóknaráðið (NordForsk).

STEFNUMARKANDI UMBOÐ NORRÆNA RANNSÓKNARÁÐSINS

Norræna rannsóknaráðið (NordForsk) er stofnun á sviði rannsóknasamstarfs sem Norræna ráðherranefndin stofnaði árið 2005.

Stefnumarkandi umboð NordForsk felur í sér markmið sem kveða á um stefnu og áherslur í starfsemi stofnunarinnar. Markmiðin eru skilgreind innan ramma samstarfsáætlunar ráðherranefndarinnar um menntamál

og rannsóknir og setja ramma um framlag NordForsk til innleiðingar áætlunarinnar.

Hlutverk NordForsk

Markmiðið með starfsemi NordForsk er að stuðla að árangursríku norrænu samstarfi um rannsóknir, rannsóknamenntun og innviði rannsókna með það fyrir augum að gæði nýrrar þekkingar verði á heismælikvarða. NordForsk á að vera samstarfsvettvangur fjármögnunarstofnana rannsókna í löndunum. NordForsk á fyrst og fremst að móta verkefni í samræmi við áherslur þeirra. Hlutverk NordForsk er að greiða fyrir, það er að koma auga á og bregðast við, stefnumiðuðum forgangsverkefnum í samstarfinu og skapa norrænan virðisauka.

Stjórn NordForsk ber ábyrgð á starfsemi og þróun stofnunarinnar. Til að nýta til fulls þau tækifæri sem felast í samstarfinu skal NordForsk starfa í nánú samráði við Norrænu ráðherranefndina, einkum á sviði menntamála og rannsókna.

Markmið NordForsk

Hér verða nefnd þau markmið sem hafa verið ákveðin fyrir NordForsk. Markmiðin eru byggð á samþykktum NordForsk, samstarfsáætluninni og þverlægum stefnumiðuðum áætlunum Norrænu ráðherranefndarinnar.

Almennt markmið starfseminnar er að nýta norrænt samstarf til að auka gæði og samfélagslegt mikilvægi rannsókna samtímis því að heildarkostnaður landanna helst óbreyttur eða minnkar. Rannsóknir eiga að vera af bestu vísindalegu gæðum og skapa norrænan virðisauka. Stefnt er að því að Norðurlöndin verði leiðandi í heiminum á sviði rannsókna og nýsköpunar. Sértækari markmið og hlutamarkmið eru sem hér segir:

1. Fjármögnun rannsókna milli landa (cross-border research cooperation) og norrænt samstarf um innviði rannsókna (Nordic research infrastructure cooperation)

Markmið: Í norrænu rannsóknasamstarfi verði stundaðar rannsóknir sem veita nýja þekkingu sem stuðlar að jákvæðri og sjálfbærri þróun á Norðurlöndum í ljósi viðfangsefna samtíðarinnar.

Markmið: Með norrænu rannsóknasamstarfi takist að skapa markfjölda á sviðum þar sem löndin eru of lítil hvert um sig og kostur gefst á að skapa norrænan virðisauka.

Markmið: Norrænt samstarf auki aðgang að og notkun þeirra rannsóknainnviða sem fyrir eru og hvetji til samstarfs um nýja innviði á Norðurlöndum, í Evrópu og á alþjóðavettvangi.

Markmið: NordForsk á að koma auga á rannsóknaverkefni sem fela í sér augljósan norrænan virðisauka og framkvæma þau. NordForsk á að greiða fyrir norrænu rannsóknasamstarfi sem nær að vekja áhuga fjármögnunaraðila í löndunum. NordForsk á að vinna að því að auka þau rannsóknaframlög landanna sem NordForsk samhfæfir í nánú samráði við viðeigandi aðila í löndunum. Viðmiðunin er að NordForsk tryggi að aðilar í löndunum leggi til samanlagt að minnsta kosti helmingi hærri upphæð en þá sem kemur úr sjóði NordForsk (1/3 NordForsk, 2/3 fjármögnun frá löndunum).

Markmið: NordForsk á að sníða fjármögnunarlíkön og fjármögnunartæki að þörfum landanna. Stofnunin á að skoða mismunandi fjármögnunarlíkön (t.d. virtual common pot) og fjármögnunartæki (t.d. samstarfsnet, rannsóknaskóla og aðgerðir sem greiða fyrir hreyfanleika).

2. Áhrif norræns samstarfs um rannsóknir og rannsóknainnviði (Impact of Nordic research and research infrastructure cooperation)

Markmið: Stuðla að stöðugum umbótum á norrænum velferðarsamfélögum og auka alþjóðlega samkeppnishæfni atvinnulífs á Norðurlöndum með því að miðla til viðeigandi haghafa nýrri gagnreyndri þekkingu sem orðið hefur til í norrænu samstarfi um rannsóknir og innviði rannsókna í samræmi við fyrrnefnd markmið.

3. Undirbúningsstarf

Markmið: NordForsk á að þróa áfram langtímaferli fyrir norræn verkefni í framtíðinni og leiðir til að afla stuðnings og fjármögnunar við þau í löndunum. Í framtíðinni verði haft opið og gagnsætt samráð um norræn verkefni við fjármögnunarstofnanir rannsókna í löndunum (einnig NOS-samstarfsnefndirnar).

Markmið: Samstarf NordForsk, Norrænu nýsköpunarmiðstöðvarinnar og Norrænna orkurannsókna verði aukið.

Markmið: Verkefni að beiðni Norrænu ráðherranefndarinnar verði unnin samkvæmt áætlun og gæði þeirra tryggð.

4. Stjórnþýsla og rekstur

Markmið: NordForsk á að vinna að hagræðingu innan stjórnsýslu og í rekstri á þann hátt að hærra hlutfall norrænna fjárveitinga renni til rannsóknasamstarfsins og rannsóknainnviða.

Markmið: NordForsk á að vanda val á starfsfólki og tryggja að það búi yfir nauðsynlegri færni.

Markmið: Stjórnþýslulegt samstarf NordForsk, Norrænu nýsköpunarmiðstöðvarinnar og Norrænna orkurannsókna verði aukið.

Meðferð mála sem varða ESB og önnur alþjóðleg mál og þemu

Mál tengd ESB, alþjóðleg mál og málefni eru miðlæg í starfi ráðherranefndarinnar um menntamál og rannsóknir. Um þau er fjallað bæði í stefnumiðun starfi fagsviðsins og í áætlunum og verkefnum þess. Norræn nytsemi er meðal annars tryggð með því að skoða norrænt starf í ljósi sambærilegs starfs á vettvangi ESB. Norræn samstarfsnet eiga óformlegt samráð um mál sem eru ofarlega á baugi hjá ESB en auk þess má nefna:

1. Bjóða viðbótarverkfæri og styrki sem styðja við norrænu meistaranámsáætlunina og Nordplus gagnvart rammaáætlunum ESB um menntun og rannsóknir.
2. Norrænt samstarf um gæði æðri menntunar, sbr. áætlun ESB um nútímavæðingu æðri menntunar (sem er hluti af Education & Training 2020) og Bolognasamstarfið (samstarf 48 Evrópulanda á sviði æðri menntunar).
3. Reykjavíkurfirlysinguna og vinnuna að viðurkenningu menntunar og starfsréttinda, sbr. Lissabonsamkomulagið sem gert var hjá Evrópuráðinu og UNESCO árið 1997 og tilskipun ESB um viðurkenningu og hæfi sem samþykkt var árið 2005. Markmiðið með samkomulaginu er að greiða fyrir gagnkvæmri viðurkenningu á prófum sem veita aðgang að frekara námi, námstímabilum og prófskírteinum á sviði æðri menntunar. Tilskipunin á að auðvelda íbúum ESB að stunda lögvernduð störf í öðrum aðildarríkjum svo framarlega sem þeir hafa tilskilin réttindi í heimalandinu.

4. Norræna dagskrá um færni til framtíðar og hvernig hún tengist áætlunum ESB, „New Skills for Europe“ og „Upskilling Pathways – New opportunities for adults“.
5. Norrænar stafvæðingaraðgerðir í menntamálum og hvernig þær tengjast framkvæmdaáætlun ESB um stafræna þróun á sviði menntunar.
6. Norrænt rannsóknasamstarf sem tengist en er samt frábrugðið evrópsku rannsóknasamstarfi, til að mynda rammaáætlun ESB um rannsóknir og nýsköpun, Horizon 2020/Horizon Europe og evrópska rannsóknasvæðinu (ERA).
7. Norrænt samstarf um rannsóknainnviði og opin ferli í rannsóknum (Open Science/Open Access), þar á meðal samstarf um ferli innan ESB og innleiðingu landanna á nýrri persónuverndarreglugerð ESB.
8. Samstarf norræna samstarfsnetsins um nám fullorðinna (NVL) við samhæfingaraðila ESB í löndunum um menntastefnu ESB og þróun evrópska viðmiðarammans um menntun og hæfi (EQF). NVL tekur þátt í EPALE, vefgátt fullorðinsfræðslu í Evrópu.
9. Norrænt samstarf um lýðræðismenntun innan ramma áætlunar norrænu samstarfsráðherranna um lýðræði, aðlögun og öryggi þar sem stuðst er við námsefni frá Evrópuráðinu og ESB.

Mat á samstarfsáætluninni

Ráðherranefndin mun ræða og endurskoða samstarfsáætlunina reglulega með hliðsjón af nýjum pólitískum áherslum. Á þann hátt er stutt við áframhaldandi þróun á samstarfi innan ráðherranefndarinnar og samstarfsleiðum hennar á sviði menntamála og rannsókna. Áætluninni fylgir listi yfir verkefni og aðgerðir til nota í innra starfi samstarfssviðsins. Sviðið mun leggja sitt af mörkum til að framfylgja framtíðarsýn Norrænu ráðherranefndarinnar eftir því sem við á.

Þegar gildistímabil áætlunarinnar er hálfnað mun Norræna ráðherranefndin um menntamál og rannsóknir leggja greinargerð um framvindu áætlunarinnar fyrir Norðurlandaráð.



Mynd: unsplash.com



Mynd: norden.org/Iris Dager



Mynd: NordForsk/Terje Heiestad



Norræna ráðherranefndin
Nordens Hus
Ved Stranden 18
DK-1061 Kaupmannahöfn
www.norden.org

NORRÆN SAMSTARFSÁÆTLUN UM MENNTAMÁL OG RANNSÓKNIR 2019–2023

Framtíðarsýn í norrænu samstarfi um menntamál og rannsóknir er sú að Norðurlöndin eigi, hér eftir sem hingað til, að vera leiðandi á sviði þekkingar og velferðar. Samstarfið byggist á vilja til öflugs samfélags menntunar og rannsókna á Norðurlöndum.

Samstarfsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar um menntamál og rannsóknir (MR-U) markar stefnu í samstarfi ráðherra á sviði menntamála, rannsókna og tungumála frá nóvember 2019 til nóvember 2023. Áætlunin á að skerpa á áherslum og markmiðum samstarfsins, sem ráðast af pólitískum viðfangsefnum landanna, þar með talið Álandseyja, Færeyja og Grænlands.

Norræna ráðherranefndin um menntamál og rannsóknir hefur með sér samstarf á þremur áherslusviðum: menntamálum, rannsóknum og tungumálum. Samstarfið beinist að því að þróa áfram núverandi samstarfsvettvang og aðgerðir, jafnframt því að greina nýjar aðgerðir.